

um frv. til l. um brunatryggingar utan Reykjavíkur.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur ekki orðið ásátt um afgreiðslu þessa máls. BÓ og EI eru algerlega á móti málinu. GJóh kvaðst ef til vill bera fram breytingartillögur við það, en við undirritaðir (JörB og ÁB) viljum samþykkja frumvarpið með litils háttar breytingu.

Fyrir þessu þingi liggur frumv. um brunatryggingar utan Reykjavíkur og annað um Brunabótafélag Íslands. Eru þau samin af milliþinganefnd, er kosin var á síðasta þingi samkv. lögum um brunatryggingar utan Reykjavíkur. Nefndin klotnaði. Meiri hluti milliþinganeftdarinnar samdi frumv. það, er þm. Ak. o. fl. flytja (129. mál, þskj. 290) og nú er til meðferðar í hv. Nd. Minni hluti milliþinganeftdarinnar samdi það frumv., er hér um ræðir (141. mál, þskj. 335). Enn fremur samdi minni hl. milliþn. breytingartillögur þær við frumv. meiri hl. milliþn., sem við undirritaðir flytjum á þskj. 336.

Þar sem áðurnefnd frumv. eru nú til meðferðar í hv. Nd. og fjalla um sama efni, eins og áður hefur verið drepið á, verður ekki komizt hjá því að vikja nokkuð að efni beggja frumvarpanna.

Samkv. ákvæðum þessa frumv. (þskj. 335) eru húseigendur utan Reykjavíkur frjálsir að því að gera samninga um tryggingu húseigna sinna hjá hverju því váttryggingarfélagi sem þeir óska, sé það viðurkennt af ráðherra. Veitt geta þeir sveitarstjórn heimild til að gera slíka samninga (sbr. 1. gr.). Eftir ákvæðum frumv. á þskj. 290 eiga bæjar- og sveitarstjórnir að semja fyrir húseigendur, hver í sínu umdæmi, við Brunabótafélag Íslands um brunatryggingu húseigna (fasteigna) í sveitarfélaginu. Samkv. ákvæðum 20. gr. sama frumv. getur bæjar- eða sveitarstjórn samið við annað váttryggingarfélag um brunatryggingar húsa, ef samkomulag við stjórn Brunabótafélag Íslands hefur ekki tekizt, að uppfylltum þeim skilyrðum, er í greininni eru ákveðin (að samkomulag hafi ekki náðst innan tveggja mánaða frá því, að óskinn um endurskoðun samninga kom fram, og úrsögn úr Brunabótafélagi Íslands hafi borizt stjórn félagsins með 6 mánaða fyrirvara, miðað við 15. okt. ár hvert).

Samkv. frumv. á þskj. 335, er við flytjum, eru einstaklingarnir frjálsir að því að tryggja þar, sem þeir kjósa helzt, eins og áður segir, en eftir ákvæðum frumv. á þskj. 290 ráða þeir engu um það, hvar tryggt er. Sjálfsagt er, að skyldutrygging sé lögboðin; um það atriði er enginn skoðanamunur. En það er gersamlega óviðeigandi að fara með húseigendur eins og þeir séu ekki menn til að gæta hagsmuna sinna og réttinda, að því er varðar tryggingu húsa sinna fyrir eldsvoða.

Á það má og minna, að síðan umtal varð um meira frjálsræði fyrir menn um tryggingu húseigna sinna fyrir eldsvoða, hafa tryggingariðgjöld húsa stórlega lækkað.

Í fyrra áttu Reykvikingar kost á því að tryggja hús sín fyrir 47% lægri iðgjöld en þeir höfðu áður tryggt fyrir. Og talið er, að nú eigi menn kost á því úti um land að tryggja hús sín fyrir 40% lægri iðgjöld en áður hefur tíðkapt. Þetta hagræði, sem menn eiga nú kost á fyrir það, að í ráði er að veita mönnum frjálsræði í tryggingarmálum, ætti sízt að verða til að hindra það, að mönnum verði veitt með lögum frjálsræði í þessum málum.

Þá virðist og bezt fara á því, að sérstök lög gildi um brunatryggingar utan Reykjavíkur og sérstök lög fyrir Brunabótafélag Íslands, eins og minni hl. milliþinganeftdarinnar leggur til.

Við leggjum því til, að frumv. verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Við 1. gr.

2. málgr. orðist þannig:

Bæjarstjórnnum og hreppsnefndum er þó heimilt frá sama tíma að semja við eitt váttryggingarfélag eða fleiri um brunatryggingar á þeim húseignum í umdæmi þeirra, sem tryggingarskyldar eru samkvæmt lögum þessum, fyrir þá húseigendur, er óska að veita sveitarstjórn heimild til að gera brunatryggingarsamninga fyrir sína hönd.

Alþingi, 18. febr. 1955.

Ásgeir Bjarnason,
fundaskr.

Jörundur Brynjólfsson,
frsm.